

## Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar <b>102. stjórnarfundur haldinn 3. nóvember 2016</b> <b>Gömlubúð Höfn</b>	Síða 1 af 2
Dags. fundar 3. nóvember 2016	Tími 10:30	Staður Höfn
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Nr. Fundar 102
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Björn Ingi Jónsson, Snorri Ingimarsson, Sigmundur Einarsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Guðrún Jónsdóttir, Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri.		Dags. ritunar 03.11.16
Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll: Guðmundur Hörður Guðmundsson		

### Dagskrá:

1. Samþykki dagskrár
2. Fundargerðir svæðisráða
3. Ný reglugerð á grunni nýsamþykktra laga
4. Aðgangstakmarkanir vegna íshella og skráning
5. Samstarf við SAF
6. Atvinnustefna
7. Fundur með landeigendum á suðursvæði
  - Skálafell
  - Hoffell
8. Umsagnir vegna skipulagsmála
9. Virkjun í Svartá undir Vaðöldu
10. Stjórnun og verndaráætlun - staða
11. Starfsmannaráðningar
12. Framtíð skrifstofu VJÞ
13. Reglur fyrir stjórn
14. Launagreiðslur
15. Vonarskarð
  - Leið fyrir vélknúin ökutæki um Vonarskarð
  - Leið fyrir reiðhjól um Vonarskarð
16. Önnur mál

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Dagskrá var lögð fram og ekki komu fram athugasemdir við hana.
2. Fundargerðir svæðisráða.

Formaður svæðisráðs á austursvæði tók út bókun svæðisráðs austursvæðis á 79. fundi um að Kringilsárrani verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Stjórn felur formanni, framkvæmdastjóra og formanni austursvæðis að koma málinu í farveg. Jafnframt ítrekaði formaður svæðisráðs á austursvæðis mikilvægi þess að ný stjórnunar- og verndaráætlun öðlist gildi sem fyrst þar sem ekki er fyrir hendi gild stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þann hluta Krepputungu sem kom inn í þjóðgarðinn fyrir tveimur árum.

Formaður svæðisráðs á suðursvæði greindi frá fundi svæðisráðs með ferðaþjónustuaðilum. Jafnframt greindi formaður frá fundi með landeigendum í Skálafelli og Hoffelli. Auk þess kynnti formaður svæðisráðs á suðursvæði framkvæmdaleyfi vegna gerðar ræsa á Jöklaleiðinni inni á Heinabergssvæðinu.

Stjórn bókar að minniháttar framkvæmdir sem ekki krefjast skipulagsbreytinga og rúmast innan stjórnunar- og verndaráætlunar skuli teknar fyrir og afgreiddar í svæðisráðum og kynntar í stjórn.

3. Ný reglugerð á grunni nýsamþykktara laga.  
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu vinnu að nýrri reglugerð.
4. Aðgangstakmarkanir vegna íshella og skráning.

Helga Árnadóttir, staðgengill þjóðgarðsvarðar á suðursvæði, sat fundinn undir þessum lið.

Formaður stjórnar fór yfir fundi með ráðuneytinu í tengslum við útfærslu á þessu máli. Vinna er farin í gang á stöðlum innan Vakans um íshellaskoðun og jöklagöngur. Í vetur verður sett á fót ákveðið kerfi sem keyrt verður í varðandi skráningar og aðgangsstýringu á grundvelli öryggis og náttúruverndar. Leitað verður eftir faglegu mati á öryggi og hámarksfjölda sem lagt verður til grundvallar. Áhersla verður lögð á að auglýsa vel og kynna væntanlegt fyrirkomulag á næstu dögum.

Stjórn samþykkir að veita þjóðgarðsverði á suðursvæði heimild til þess að ráð tímabundið tvo starfsmenn til að annast umsýslu og eftirliti í þessum málaflokki.

5. Samstarf við SAF. Frestað þar til síðar áfundinum.
6. Atvinnustefnan. Frestað þar til síðar á fundinum.
7. Fundur með landeigendum.

Helga Árnadóttir sat fundinn undir þessum lið

A: Fulltrúar landeigenda í Skálafelli mæta til fundar kl. 13:00

Formaður stjórnar bauð fulltrúa landeigenda í Skálafelli, Inga Stein Þorsteinsson og Þóru Vilborgu Jónsdóttur velkomin til fundar. Samstarf hefur verið gott við starfsmenn þjóðgarðsins að mati landeigenda, en aðstæður hafa breyst með auknum fjölda ferðamanna og spyrja landeigendur um stefnu þjóðgarðsins varðandi svæðið. Landeigendur ræddu aðkomu þjóðgarðsins að rekstri salerna og sorpmálum á svæðinu. Í sumar settu landeigendur upp salerni og sáu um það. Aukin vitund er um gönguleið á svæðinu meðal ferðamanna og aukin umferð. Landeigendur ræddu að samningur um upplýsingagjöf þurfi að endurskoða í takt við lengri ferðamannatíma.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði á suðursvæði að vinna hugmynd að fyrirkomulagi á rekstri salerna í landi Skálafells í samráði við landeigendur og svæðisráð á suðursvæði.

Ingi Steinn og Þóra Vilborg yfirlög fundinn kl. 13:50

B: Fulltrúi landeigenda í Hoffelli mætir til fundar kl. 14:00

Formaður bauð fulltrúa landeigenda í Hoffelli, Þrúðmar Þrúðmarsson velkominn til fundar. Fram kom að Þrúðmar telur reynslu af því að eiga land innan þjóðgarðs vera jákvæða og samstarf vera gott við starfsmenn þjóðgarðsins og samvinna um ýmis verkefni. Þrúðmar ræddi um upplýsingahlið samningsins. Gott aðgengi er að svæðinu og aukinn fjöldi gesta. Þörf er á meiri landvörslu vegna aukinnar umferðar.

Þrúðmar yfirlög fundinn kl. 14:50

8. Umsagnir vegna skipulagsmála.

Breyting á aðalskipulagi Hornafjarðar fyrir Skaftafell III-IV. Björn Ingi víkur af fundi undir þessum lið. Fyrir liggur umsögn Helgu Árnadóttur, starfandi þjóðgarðsvarðar á suðursvæði dags. 1. nóvember 2016 og send sveitarfélaginu Hornafirði. Stjórn tekur undir athugasemdir staðgengils þjóðgarðsvarðar sem koma fram í bréfinu.

5. Samstarf við SAF.

Formaður gerði grein fyrir fundi formanns og framkvæmdastjóra með Samtökum ferðaþjónustunnar og ræddu hugmyndir tengdar við samninga og almenna samvinnu við þá sem nýta sem þjóðgarðinn sem vettvang í atvinnurekstri. Samkvæmt nýjum lögum eiga samtökin áheyrnarfulltrúa í stjórn þjóðgarðsins.

## Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

### 6. Atvinnustefna

Atvinnustefnan er enn í vinnsluferli og verið er að vinna í því að aðlaga stefnuna að nýjum lögum og reglugerð sem er í smíðum. Stjórn leggur áherslu á að texti í atvinnustefnunni verði skýrt fram settur og hnitmiðaður.

### 9. Virkjun Svartár undir Vaðöldu.

Formaður svæðisráðs norðursvæðis hafði framsögu um málið.

Í umfjöllun svæðisráðs norðursvæðis og stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs um málið hefur verið bent á að verkefni af þessu tagi þarf að vera tilgreint í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Vatnajökulsþjóðgarður hefur ennfremur gert skýrar kröfur um grunnrannsóknir á gróðurfari og dýralífi og almenna öflun upplýsinga og gagna í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Fram hafa komið í málinu formlegar ábendingar um að umfjöllun sé ábótavant um útfærsluvalkosti verkefnisins, þ.e. aðra orkuöflunar- og staðsetningarkosti. Einnig liggja fyrir takmarkaðar upplýsingar um umhverfisáhrif, þ.m.t. á fuglalíf, gróðurask og fiskgengd.

Markmið umræddrar framkvæmdar eru af jákvæðum toga, þ.e. öryggismál og minnkun brennslu jarðefnaeyldsneytis. Um er þó að ræða framkvæmd á viðkvæmu svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs sem ekki er tilgreind í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Því getur stjórn ekki fallist á að framkvæmdaleyfi verði gefið út að svo stöddu.

### 10. Stjórnunar- og verndaráætlun

Formaður stjórnar fór yfir stöðu stjórnunar- og verndaráætlunar og mikilvægi þess að ljúka gerð hennar. Stjórn vísar því til svæðisráða að fara yfir lokadrög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir áramót. Stefnt er að því að taka lokadrög stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir á fundi stjórnar í janúar.

### 11. Starfsmannaráðningar. Formaður kynnti stöðuna í ráðningarmálum.

### 12. Framtíð skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs. Umræður um stefnumótun varðandi uppbyggingu starfa innan þjóðgarðsins.

### 13. Reglur fyrir stjórn.

Formanni og varaformanni falið að vinna að reglum fyrir stjórn og leggja fram drög á stjórnarfundi.

### 14. Launagreiðslur stjórnarmanna

Formaður stjórnar fór yfir fyrirkomulag á útreikningi þóknunar stjórnarmanna fyrir fundi. Formanni falið að vinna áfram að málinu.

### 15. Vonarskarð

Fulltrúi Samút lagði fram tillögur Samút og Landssambands hjólreiðamanna að leiðum í gegnum Vonarskarð í framhaldi af kynningu á síðasta fundi stjórnar. Annars vegar fyrir hjólandi umferð og hins vegar fyrir vélknúin ökutæki.

Stjórn vísar þessum tveimur erindum til svæðisráðs á vestursvæði.

### 16. Önnur mál

- a. Næsti fundur stjórnar verður fjármálafundur. Stefnt er að 23. nóvember í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 17:19

### Verkefni ákveðin á fundinum:

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			
4			
5			
6			